

2. júní 2022



Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

Kynning fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis



Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir

Lög nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir – breytt með lögum nr. 53/2018

Markmið laganna: Að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnarsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar.

Tímaramma byggðaáætlunar breytt 2018: Ráðherra leggur tillögu fyrir Alþingi á a.m.k. þrjú ára fresti. Stefna til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára.



Leiðarljós: samráð og samhæfing

Samráð:

- Sveitarfélög, ekki hvað síst í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.
- Ráðuneyti, ekki hvað síst í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Samhæfing: við aðrar opinberar stefnur og áætlanir. ÖLL ráðuneyti í ábyrgð fyrir minnst einni aðgerð.



Byggðaáætlun 2018 vs 2022

Meginmarkmið áfram þau sömu:

- A. Jafna aðgengi að **þjónustu**.
- B. Jafna tækifæri til **atvinnu**.
- C. Stuðla að **sjálfbærri þróun** byggða um land allt.

Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Framsetning svipuð:

- I. Framtíðarsýn og meginmarkmið
- II. Lykilviðfangsefni (**kemur inn 2022**)
- III. Markmið, áherslur og mælikvarðar
- IV. Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir
- V. Aðgerðaáætlun (**fimm ár í stað sjö**)



Lykilviðfangsefni (nýtt)

1. Lýðfræðileg þróun og grunnþjónusta.
2. Fjölbreytt atvinnulíf.
3. Innviðir.
4. Umhverfis- og loftslagsmál.
5. Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærni byggða.



Byggðaáætlun 2022-2036

Undir hverju markmiði eru:

- **Áherslur.** Alls 49. Sumar leiða til beinna aðgerða á meðan aðrar eru til samhæfingar og stuðnings við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum.
- **Mælikvarðar.** Alls níu – þrjár við hvert markmið. Dæmi: húshitunarkostnaður heimila, fjarlægð frá tiltekinni þjónustu, menntunarstig, hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda.
- **Aðgerðir.** Alls 43. Öll ráðuneyti beinir þátttakendur. (IRN 12, URN 9, MVF 4...)



Framsetning aðgerða

Heiti og númer aðgerðar

- Markmið
- Stutt lýsing
- Ábyrgðarráðuneyti
- Framkvæmdaaðili
- Dæmi um samstarfsaðila
- Tímabil
- Tenging við aðrar stefnur/áætlanir
- Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Tillaga að fjármögnun